ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2018

Efni: Umsögn Þjóðminjasafns Íslands um Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 til 2024.

Þjóðminjasafn Íslands lýsir yfir ánægju sinni með þau metnaðarfullu og mikilvægu markmið sem byggðaáætlunin tekur til. Það eru einkum sex liðir aðgerðaáætlunar sem snúa beint og óbeint að starfsemi Þjóðminjasafns Íslands sbr. og *lög nr. 140/2011 um Þjóðminjasafn Íslands,* safnalög nr. 141/2011, s*afnastefnu á sviði menningarminja* (Þjóðminjasafn Íslands 2017) og *menningarstefnu stjórnvalda* (mennta- og menningarmálaráðuneyti 2013), þessi atriði eru:

Liður A – Jafna aðgengi að þjónustu

A.3 Efling rannsókna og vísindastarfsemi.
Þjóðminjasafn Íslands sér mikla möguleika í því að taka þátt í verkefnum þekkingar- og rannsóknasetra sem taka til menningar og þá sérstaklega hvað varðar menningararfinn, varðveislu hans, rannsóknir og miðlun. Slík verkefni geta einnig verið unnin í samstarfi við byggðasöfn sveitarfélaga, fyrirtæki og háskóla. Slík samvinna gæti eflt faglegt starf í tengslum við varðveislu og miðlun 64 friðaðra húsa húsasafns Þjóðminjasafns á 40 stöðum um allt land. Slík samvinna gæti einnig reynst vel í tengslum við hlutverk Þjóðminjasafns sem höfuðsafns fyrir menningarminjasöfn um allt land.

Liður B – Jafna tækifæri til atvinnu

B.7 Störf án staðsetningar
Fræði- og rannsóknarstörf og skráningarstörf hjá Þjóðminjasafni Íslands er að hluta til unnt að vinna utan hefðbundinna starfsstöðva safnsins. Einnig má sjá fyrir sér að starfsmenn Þjóðminjasafnsins geti haft fasta starfsaðstöðu hjá þekkingar- og rannsóknasetri þegar verkefni bjóða upp á slíkt sbr. og lið B.8. Möguleiki á slíku samstarfi gæti tengst rannsóknarverkefnum á fagsviði Þjóðminjasafns. Það gæti átt við starf sérfræðinga á fjölmörgum starfssviðum, starfsmannaskipti almennt sem og staðsetningu fræðimanna í rannsóknastöðum.

B.8 Fjarvinnslustöðvar
Þjóðminjasafn Íslands hefur um tveggja áratuga skeið átt í farsælli samvinnu við aðila á landsbyggðinni um fjarvinnslu í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp. Slíka samvinnu mætti efla enn frekar. Á næstu árum er fyrirséð að koma þurfi ýmsum gögnum Þjóðminjasafns Íslands á stafrænt form og verður í því samhengi sérstaklega bent á

sarp.is, menningarsögulegt gagnasafn sem geymir upplýsingar um safnkost 50 safna um land allt. Þá mætti sjá fyrir sér stórfellt átak í skönnun efnis og myndvæðingu gagnagrunnsins.

B.16 Nýting menningarminja
Þjóðminjasafn Íslands hefur áratuga reynslu af því að nýta menningarminjar, og þá sérstaklega í húsasafni Þjóðminjasafnsins, til styrkingar atvinnu og menningarstarfs á landsbyggðinni í samvinnu við menningarminjasöfn sveitarfélaga og á sviði ferðaþjónustu almennt. Þjóðminjasafnið er reiðubúið til samstarfs við heimamenn á hverjum stað um einstök hús í húsasafninu og til miðlunar þekkingar og reynslu. Á það sérstaklega við um viðurkennd menningarminjasöfn, menningar- og menntastofnanir.

Liður C – Stuðla að sjálfbærri þróun byggða

C.10 *Fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum*
Þjóðminjasafn Íslands er þátttakandi í landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Þjóðminjasafnið er reiðubúið til samstarfs um að auka gæði uppbyggingar innviða hvað varðar hönnun og framkvæmdir til að draga úr áhrifum þeirra á menningarsögulegar minjar. Samvinna um varðveislu hinna 64 friðaðra húsa í húsasafninu sem eru á 40 stöðum á landinu felur í sér þátttöku í sjálfbærri þróun enda verkefnin atvinnuskapandi á hverju svæði.

C.14 Samstarf safna – ábyrgðarsöfn
Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði menningarminja skv. skilgreiningu laga um starfsemi þess. Því er ætlað að vera leiðandi á sviði safnastarfs á landsvísu. Það hefur gefið út safnastefnu með reglubundnum hætti frá árinu 2003 í kjölfar lagabreytingar um hlutverk höfuðsafna árið 2001. Þar er með virku samtali við söfn og safnatengda starfsemi á landinu hvatt til faglegs starfs á fagsviðinu. Þjóðminjasafn eru reiðubúið til samvinnu og ráðgjafar sem stuðlað geti að sjálfbærri þróun á sviði safnastarfs með áherslu á menningararf, sanngildi og gæði sem stuðlað geti að jákvæðri samfélagsþróun með gefandi menningarlífi og safnastarfi.
Sjá nánar:
http://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/Thjodm_A4_Safnastefna_2017_WEB_120dpi.pdf

Virðingarfyllst,

Margrét Hallgrímsdóttir
þjóðminjavörður